



Reykjavík, 13. júní 2024

SFS24010042

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Varðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aukið vægi listgreina á unglिंगastigi

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 8. janúar 2024, lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu um aukið vægi listgreina á unglिंगastigi:

Samhliða seinkun á byrjun skóladags hjá unglिंगum í Reykjavík er lagt til að við undirbúning þess verði skoðað að auka vægi listgreina á þessu skólastigi. Horft verði til þess að fjölga nemum í listgreinum sem kenndar eru utan skóla og yrðu skilgreindar sem valgreinar sem metnar yrðu til náms. Mikilvægt er að skoða aukna hvata með það að markmiði að fjölga nemendum í fjölbreyttu listnámi. Í því tilliti er meðal annars horft til niðurstöðu Pisa könnunar og stöðu nemenda í íslensku. En rannsóknir hafa sýnt að aukin þátttaka í listnámi eykur færni nemenda í íslensku og þar af leiðandi í öðrum námsgreinum því velgengni á einu sviði eykur velgengni á öðru sviði. Í því samhengi hefur einnig verið sýnt fram á tengsl milli tónlistarnáms og færni í stærðfræði. Rannsóknir hafa einnig sýnt að aukin þátttaka í námi í listgreinum byggir upp jákvæða sjálfsmynd hjá nemendum og eykur á sjálfstraust.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Í 26. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir:

Á unglिंगastigi, þ.e. í 8.–10. bekk, skulu nemendur velja námsgreinar og námssvið í allt að fimmtung námstímans samkvæmt nánari viðmiðunum sem settar eru í aðalnámskrá grunnskóla. Skólum er heimilt að skipuleggja mismunandi hlutfall valtíma eftir árgöngum í 8.–10. bekk og binda valið að hluta tilteknum námssviðum.

Heimilt er að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla, t.d. við tónlistarskóla, sem hluta af grunnskólanámi samkvæmt nánari útfærslu í aðalnámskrá grunnskóla. Stundi nemandi slíkt nám er viðkomandi sveitarstjórn ekki skylt að standa straum af kostnaði sem af því leiðir þótt námið njóti viðurkenningar í stað skyldunáms. Jafnframt er heimilt að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi sem nám, enda falli það að markmiðum skólastarfs.



Reykjavík



Í kafla 8.3 um val og valgreinar í aðalnámskrá grunnskóla segir:

Að ósk foreldra er heimilt að meta sem nám tímabundna þátttöku nemenda í atvinnulífi og reglubundna þátttöku í félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfböðastarfi enda falli það að markmiðum skólustarfs. Einnig er heimilt að meta skipulagt nám, sem stundað er utan grunnskóla, til valgreina, t.d. nám við framhaldsskóla, listaskóla og málaskóla. Í hverju tilviki metur viðkomandi skóli umfang slíks náms og gæta þarf jafnræðis í afgreiðslu mála. Við það skal miðað að það nemi ekki meira en sem svarar 160 mín. vikulega á hverju skólaári á unglíngastigi og er þá heimilt að meta slíkt til valgreina hjá viðkomandi nemendum.

Sköpun – skapandi hugur og hönd er einn af fimm grundvallarþáttum menntastefnu borgarinnar til 2030. Bent er á að sköpun sé margslungið ferli sem byggist á forvitni, skapandi og gagnrýnni hugsun, þekkingu, frumkvæði og leikni. Tekið er fram að afrakstur sköpunarferlisins hafi gildi fyrir barnið sjálft, næsta umhverfi og/eða samfélagið. Jafnframt er lögð áhersla á að tryggja jöfn tækifæri og aðgang barna að fjölbreyttu námi og starfi sem er í samræmi við áhuga þeirra og hæfileika. Nám sem fram fer utan veggja skólafunnar hefur því mikið vægi, hvort sem um er að ræða list- og verknám, íþróttir, þátttöku í samfélagsverkefnum o.fl.

Í kafla 16.1.2 í aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að skólustjóra grunnskóla er heimilt að viðurkenna nám sem stundað er utan grunnskóla sem jafngildi grunnskólanáms að undangengnu mati í hverju tilviki. Er nám við tónlistarskóla og aðra listaskóla nefnt sem dæmi um nám þar sem þetta ákvæði getur átt við. Einnig er heimilt að meta nám utan grunnskóla og skrá á vitnisburðarblað nemenda sem valgrein þó að viðkomandi nemandi fái enga undanþágu frá skyldunámi.

Í kafla 7.9 í aðalnámskrá grunnskóla er tiltekið að virk tengsl við stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök geti m.a. verið fólgið í að auka fjölbreytni í námi t.d. varðandi valgreinar á unglíngastigi, tengja námið við nærumhverfið og gera um leið merkingarbærara. Þessi tenging geti m.a. snúið að menningu, listum, félags- og tómsundastarfi.

Í kafla 8.3 í aðalnámskrá grunnskóla er fjallað sérstaklega um val og valgreinar og að þær séu hluti af skyldunámi. Í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla skuli nemendum gefinn kostur á að velja námsgreinar og námssvið sem svarar til allt að fimmtungi námstímans en skólar geta skipulagt mismunandi hlutfall valgreina eftir árgöngum og skal slíkt koma fram í árlegri starfsáætlun. Gert er ráð fyrir að allt að helmingur valstunda sé bundinn list- og verktengdu námi.

Ítrekað er að heimilt sé að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla t.d. í listaskóla til valgreina. Tiltekið er að umfang slíks náms nemi ekki meira en sem svarar 160 mínútum vikulega á hverju skólaári á unglíngastigi og sé þá heimilt að



meta slíkt til valgreina hjá viðkomandi nemanda. Í öllum grunnskólum Reykjavíkurborgar sem eru með unglingastig er boðið uppá að meta nám eða tómstundir utan skóla sem hluta af valgreinum.

Skv. gildandi viðmiðunarstundaskrá (kafli 8.5) er gert ráð fyrir að nemendur í 8. – 10. bekk séu að jafnaði 1.480 mín. eða 37 x 40 mín. kennslustundir á viku í skóla á ári og þar af geta valgreinar numið allt að 296 mín. eða 7,4 x 40 mín. kennslustundir. Heimilt er því að meta listnám við skóla utan grunnskólanáms í allt að 160 mín. af þeim tíma eða sem nemur hefðbundnum 4 x 40 mín. kennslustundum. á viku. Í þessum kafla er jafnframt ítrekað að jafnvægi skuli vera í bóklegum greinum og verklegum í vali og að ekki skuli hallað á list- og verkgreinar í því sambandi. Þar af leiðandi er gert ráð fyrir að allt að helmingur valgreina sé bundinn við list- og verkgreinar.

Óski skóla- og frístundasvið eftir að auka þann tíma sem skólastjórum er heimilt að meta formlegt listnám utan hefðbundins grunnskólanáms til valgreina á unglingastigi, þ.e. meira en 160 mín. á viku, þarf sérstaka undanþágu fyrir slíku frá mennta- og barnamálaráðuneyti.

Í tengslum við verkefni um seinkun á byrjun skóladags á unglingastigi hefur skóla- og frístundasvið verið í sambandi við barna- og menntamálaráðuneytið sl. mánuði og hefur óskað eftir því að fjölga þeim mínútum valgreina sem meta má til náms utan grunnskóla úr 160 mínútum í 200 mínútur. Nú hefur verið veitt heimild til að reka tilraunaverkefni á unglingastigi í grunnskólum Reykjavíkur þar sem skóli geti metið viðbótar 40 mínútur á viku til valgreina en aðalnámskrá grunnskóla heimilar, þ.e. 200 mínútur í stað 160 mínútna.

